

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þekkingarnet Þingeyinga,  
nr. 429/2006 með síðari breytingum nr. 611/2010 og nr. 953/2023.

### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 4. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm, tilnefnd til tveggja ára í senn. Samsetning stjórnar miðast við að hafa fulltrúa meginstarfssviða stofnunarinnar, þ.e. símenntunar, rannsókna, háskólaþjónustu og nýsköpunar auk svæðisbundins skólastarfs og nærsamfélagsins. Til að ná þessu markmiði verði stefnt að því að stjórnarmenn komi frá eftirfarandi aðilum; einn aðalmaður í stjórn og annar til vara:

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum eða samtök atvinnurekenda á Norðurlandi eystra (símenntun).

Háskóli Íslands eða Háskólinn á Akureyri (rannsóknir og háskólaþjónusta).

Stofnun, fyrirtæki eða einstaklingur starfandi í nýsköpun á landsvísu (nýsköpun).

Framhaldsskólinn á Húsavík eða Framhaldsskólinn á Laugum (svæðisbundnir skólar).

Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð eða Tjörneshreppur (nærsamfélagið).

Grunnskólar í Þingeyjarsýslum tilnefni á hverjum tíma einn áheyrnarfulltrúa sem hafi rétt til að sitja stjórnarfundum með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Stjórn ber ábyrgð á því að tilnefningar berist fyrir aðalfund. Tilhögun tilnefninga er með þeim hætti að ofangreindum aðilum skal gert viðvart skriflega og óskað eftir tilnefningum. Samhliða skal auglýst á heimasíðu Þekkingarnets Þingeyinga og í staðarmiðlum eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnarsetu. Þetta er gert með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara. Ef tilnefningar til stjórnar berast ekki fyrir aðalfund að þessu undangengnu ber fráfarandi stjórn að tilnefna fulltrúa í stjórn frá þeim aðilum sem tilnefning hefur ekki borist. Stjórn getur falið forstöðumanni að hafa milligöngu um eða frumkvæði að því að leita tilnefninga til aðila sem falla að ofangreindu.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók og ber stjórn ábyrgð á því að fundarritun sé framkvæmd.

Stjórn Þekkingarnetsins fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum stofnunarinnar skv. 3. gr. Stjórn ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og setur henni reglur. Stjórnarfundir skulu boðaðir með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Stjórnarmaður vikur af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Stjórn hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.

### 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Þekkingarnet Þingeyinga staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 13. ágúst 2024,*

**Jakob Andri Þórarinnsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*